

Ársskýrsla 2023



GRÆNNI BYGGÐ

GREEN BUILDING
COUNCIL ICELAND



GRÆNA SKÓFLAN
2023

Móberg
húkrunarheimili í Árborg

FSRF

Ávarp stjórnarformanns



Starfsemi Grænni byggðar hefur eflst mikið undanfarin ár. Starfsfólk telur nú 4 einstaklinga og umfang verkefna, skipulag og þátttaka í viðburðum er mikil og fjölbreytt. Verkefnin spanna allt frá hringrásarhagkerfinu, losunarlausum verkstöðum, orkunotkun bygginga, vottunum og allt þar á milli.

Stjórn Grænni byggðar leitaði til aðila félagsins í upphafi árs til að taka þátt í stefnumótunarvinnu. Þátttakan var góð og aðilar völdu áhersluatriði félagsins til næstu ára og 5 ára markáætlun var endurskoðuð. Það var dýrmætt fyrir stjórnina að fá gott spjall og endurgjöf frá aðildarfélögunum.

Efst á lista yfir áhersluatriði félagsins eftir stefnumótunarvinnuna var hringrásarhagkerfið og má alveg segja að það sé í takt við umræðuna í samfélaginu. Félagið hefur unnið markvisst að eflingu og vitundavakningu á hringrásarhagkerfinu og er með starfsmann í fullu starfi sem vinnur að hringrásarverkefnum. Í lok árs var haldinn stofnfundur Hringvangs, en Hringvangi er ætlað að verða sjálfstæður hringrásarvettvangur aðila í byggingariðnaði. Grænni byggð mun halda utan um starfsemina til að byrja með, á meðan Hringvangur skýtur rótum og nær fótfestu sem sjálfstæður vettvangur. Nokkur fyrirtæki hafa þegar gerst formlegir aðilar og styrkt Hringvang.

CIRCON rannsóknarverkefnið hefur verið keyrt á fullum krafti í tvö ár og sem hluti af því héldum við stórt og vel heppnað málþing í Laugardalshöll þar sem hringrás í byggingariðnaði var rædd út frá mörgum hliðum. Í upphafi árs var einnig stefnumót Hringrásar og margir minni fundir og fyrirlestrar um hringrásarhagkerfið hafa verið á dagskrá. Áhugavert verður að fylgjast með aukinni hringrásarhugsun í byggingariðnaðinum á komandi árum.

Í öðru sæti yfir áhersluatriði á stefnumótunarfundinum var kolefnisspor bygginga. Grænni byggð tekur þátt í verkefnum tengdu kolefnisspori bygginga og fulltrúi stjórnarinnar situr í verkefnahópi sem er að samræma aðferðafræði við gerð lífsferilsgreininga fyrir íslenskar byggingar. Niðurstöður úr þeirri vinnu voru kynntar á árinu og skilyrði um gerð lífsferilsgreininga fyrir nýbyggingar í byggingareglugerð liggja fyrir. Nú þegar krafa um gerð lífsferilsgreininga fyrir nýbyggingar er að koma inn í reglugerð mun umfjöllun og þekking á

lífsferilsgreiningum aukast og verðmætar upplýsingar um kolefnisspor bygginga á Íslandi verða til.

Græna skóflan var veitt í annað sinn á árinu, en það var FSRS auk samstarfsaðila sem tók við skóflunni fyrir Móberg, hjúkrunarheimili í Árborg. Græna skóflan er viðurkenning fyrir mannvirki sem byggt hefur verið með framúrskarandi vistvænum og sjálfbærum áherslum. Grænu skóflunni er ætlað að vera hvati til sjálfbærni í mannvirkjagerð og eru verðlaunin hluti af aðgerðarpakka í Byggjum grænni framtíð undir kaflanum; Hvatar til umskipta. Efnahagslegir hvatar til sjálfbærni voru einmitt valdir sem þriðja stærsta áhersluatriði í stefnumótunarfundi Grænni byggðar.

Dagur grænni byggðar var haldinn í september og var skemmtilegur og fróðlegur að vanda og margir minni fundir og málþing voru á dagskrá. Það er einmitt eitt af aðalhlutverkum Grænni byggðar að halda uppi fræðslu og það gerum við mest með viðburðum, en einnig t.d. með upplýsingum á samfélagsmiðlum og í fréttabréfum.

Það er ótrúlega gaman að vinna að verkefnum Grænni byggðar og mikil vitundarvakning sem hefur átt sér stað í byggingariðnaðinum síðastliðin ár. Því má að miklu leiti þakka kraftmiklu starfsfólki Grænni byggðar. Eins hefur verkefnið Byggjum grænni framtíð, sem HMS stýrir svo rösklega, verið kröftug innspýting í vistvæna mannvirkjagerð. Grænni byggð skipar tvö sæti í verkefnastjórn Byggjum grænni framtíðar auk þess sem félagið fóstrar fullt af aðgerðum í vegvísinum. Skrifstofa Grænni byggðar flutti til HMS á árinu og hefur það verið gæfuspör að njóta þeirrar aðstöðu og samstarfs við sérfræðinga þar.

Við hjá Grænni byggð finnum að það er sífelld meira til okkar leitað með aðkomu að allskonar verkefnum og við fögnum því. Við sitjum í fjölda verkefnahópa og tökum þátt í fjölbreyttum rannsóknarverkefnum. Á árinu birtum við þrjár skýrslur og skipulögðum eða tókum þátt í fjöldan allan af málþingum og fundum. Við heyrum að starfsfólki okkar er hrósað fyrir þeirra starf og að vinna okkar skiptir máli og því erum við stolt af. Ég vil þakka frábæru starfsfólki Grænni byggðar, aðilum félagsins og samstjórnendum mínum í félaginu kærar þakkir fyrir blómlegt ár og gott samstarf.

Stjórn

Í stjórn Grænni byggðar sitja 7 stjórnarmenn. Í stjórn starfsárið 2023-2024 voru þau:



Íris Þórarinsdóttir

Formaður stjórnar

Umhverfisstjóri hjá Reitum
Fasteignafélagi



Alexandra Kjeld

Ritari/Varaformaður stjórnar

Umhverfisverkfræðingur hjá
Eflu



Sunna Hrönn Sigmarsdóttir

Gjaldkeri

Framkvæmdastjóri hjá Reginn



Ragnar Ómarsson

Byggingafræðingur
hjá Verkís



**Anna Sigríður
Jóhannsdóttir**

Arkitekt FAÍ



**Sigríður Ósk
Bjarnadóttir**

Framkvæmdastjóri
hjá Hornsteini



Olga Árnadóttir

Sérfræðingur
hjá Húsnæðis- og
Mannvirkjastofnun

Starfsemi stjórnar

Á árinu voru haldnir reglubundnir stjórnarfundir einu sinni í mánuði að undanskildum júlímánuði. Starf stjórnar á milli funda fer mikið fram á skjáfundum þar sem fram fer ýmskonar skipulagsvinna sem síðan er skjalfest í fundargerð þessara reglubundnu stjórnarfunda. Þar að auki vinna stjórnarmenn í smærri hópum að ýmsum verkefnum sem snúa að starfsemi félagsins. Reynt er að haga vinnu stjórnar á þann veg að allir stjórnarmenn geti tekið afstöðu til allra málefna sem fyrir stjórnina eru lögð og henni er falið að taka ákvarðanir um.

Í upphafi árs leitaði stjórn til aðila félagsins með þátttöku í stefnumótunarvinnu. Send var út spurningakönnun varðandi hverjar ættu að vera helstu áherslur félagsins og hvaða starfsemi ætti að vera í forgrunni. Niðurstaðan var notuð í uppfærslu á 5 ára markáætlun félagsins sem staðfest var að aðildarfélögunum. Samhliða stefnumótunarvinnunni var heimasíða Grænni byggðar uppfærð.

Á Degi Grænni byggðar síðasta haust var Græna skóflan, samfélagsverðlaun fyrir vistvæna mannvirkjagerð, veitt í annað sinn en veiting slíkra verðlauna er liður í aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftslagsmálum mannvirkja. Aðgerðaráætlunin raungerðist á árinu 2022 með útgáfu Vegvísis að vistvænni mannvirkjagerð 2030 sem unnin var í verkefninu Byggjum grænni framtíð. Auk þess sem að framkvæmdastjóri Grænni byggðar situr sem fulltrúi í verkefnastjórn Byggjum grænni framtíðar, hefur stjórnarmaður Grænni byggðar einnig setið í þeirri stjórn og mun stjórn Grænni byggðar áfram skipa fulltrúa í verkefninu í eftirfylgni og endurskoðun þess á komandi árum.

Ásamt því að sitja í verkefnastjórn Byggjum grænni framtíð, er Grænni byggð ábyrgðaraðili ýmissa aðgerða í Vegvísinum og vinnur við framkvæmd þeirra í breiðu samstarfi. Þar að auki hafa félagasamtökin tekið þátt í undirbúningi við innleiðingu lífsferilsgreininga í byggingarreglugerð, en sú innleiðing er áhrifaríkasta aðgerðin í Vegvísinum.

Eitt af því sem stjórn félagsins vann að á síðasta og þarsíðasta ári var að bregðast við þeim áskorunum sem fylgdu aukningu á starfsmannafjölda og umfangi félagsins í rannsóknarverkefnum. Stjórnin ákvað að skoða lög félagsins og breytingar á þeim með það fyrir augum að gera á þeim umbætur sem falla betur að núverandi rekstri félagsins. Í kjölfar þessarar endurskoðunar voru breytingar lagðar fyrir á aðalfundi 2023 og samþykktar.

Á árinu 2023 hefur Grænni byggð átt gott samstarf við norræn systursamtök og tengingar hafa myndast í Evrópu í gegnum aðild okkar að WGBC. Markmið Grænni byggðar með þessum samskiptum er að þau verði til þess að Grænni byggð geti betur sinnt þeirri skyldu sinni að vera leiðandi aðili í sjálfbærri þróun mannvirkjagerðar og skipulags hér á landi með því að tengja saman alþjóðlega þekkingu við okkar íslensku aðstæður.

Aðilar 2023

Á árinu 2023 urðu eftirfarandi breytingar á aðild:

Eik fasteignafélag bættist við í 1. Flokk

Klasi ehf. Bættist við í 3. Flokk

Anna Sigríður Jóhannsdóttir bættist við í einstaklingsaðild

Bryndís Ósk Jökla Björnsdóttir bættist við í einstaklingsaðild

Heimir Hermannsson bættist við í einstaklingsaðild

Og Synir ehf. Hætti í 3. Flokks aðild.

Grænni byggð þakkar aðilum sínum kærlega fyrir samstarfið og stuðninginn á árinu 2023. Í lok árs 2023 voru 59 aðildarfélög að Grænni byggð.

Aðilar í fyrsta flokki:

Verkís verkfræðistofa, Reginn fasteignafélag, Reitir fasteignafélag, Eik fasteignafélag, Húsnæðis og mannvirkjastofnun, Framkvæmdasýslan Ríkiseignir og Hornsteinn.



REITIR
FASTEIGNAFÉLAG



HÚSNÆÐIS



Aðilar í öðrum flokki:

Landsvirkjun, Búseti, Reykjavíkurborg, Isavia Ohf., Íslandsbanki, EFLA verkfræðistofa, Hafnafjarðarbær og Vistbyggð.



Aðilar í þriðja flokki:

Alta ráðgjöf, Alverk, Arkís ehf, ASK arkitektar, Basalt Arkitektar, Byko, Eignaumsjón, HJARK, Hornsteinar, Húsasmiðjan, Iðan fræðslusetur, Íslenskir aðalverktakar, Jáverk, Klasi ehf., Landslag ehf., Langeldur, LímtréVírnet, Lota ehf, Maison, Mannvit verkfræðistofa, Pago, Samstæða Orkuveitu Reykjavíkur, Skipulagsstofnun, Steinull hf., Steypustöðin, Teiknistofan Tark ehf., Teiknistofan Tröð ehf., THG arkitektar, Umhverfisstofnun, Urriðaholt ehf., VA Arkitektar, Vegagerðin, Vista verkfræðistofa, VSÓ verkfræðistofa, VSB verkfræðistofa og Ölfusborg ehf.

HJARK
Hulda Jóns arkitektúr ehf.

basalt
arkitektar

ATA



ÍAV

THG



ARKITEKTAR

VSÓ RÁÐGJÖF



STEYPUSTÖÐIN

STERKARI LAUSNIR

LANG ELDUR

PAGO

OR Orkuveita
Reykjavíkur



ASK
ARKITEKTAR



VEGAGERÐIN

ALVERK
FRAMKVEMDIR OG RÁÐGJÖF




Skipulagsstofnun

BYKO



Teiknistofan TRÖÐ



Aðrir aðilar í fjórða flokki (einstaklingsaðildar):

Magnús Jensen, arkitekt og formaður Miðgarðs byggingarfélags,
<https://midgardur.betrailand.is/>

Arnhildur Pálmadóttir arkitekt hjá Studio Arnhildur Pálmadóttir,
<https://studioarnhildurpalmadottir.is/>

Hildur Ýr Ottósdóttir arkitekt hjá Ydda arkitektar, <https://www.ydda.is/>

Finnur Sveinsson, umhverfisfræðingur hjá Visthús, <http://visthus.is/>

Sigríður Maack, arkitekt hjá Arktika ehf., <https://arktika.is>

Anna Sigríður Jóhannsdóttir, arkitekt FAÍ

Bryndís Ósk Jökla Björnsdóttir, MPM

Heimir Hermannsson, framkvæmdastjóri GigOver, <https://gigover.com/>

Rekstur

Starfsfólk



Aðalsteinn Ólafsson verkefnastjóri, Áróra Árnadóttir framkvæmdastjóri, Ástrós Steingrímsdóttir verkefnastjóri, Katarzyna Jagodzińska verkefnastjóri

Árið 2023 voru fjórir sem störfuðu hjá félaginu í föstu starfi og misstóru starfshlutfalli.

Aðsetur

Fyrstu mánuði ársins voru aðsetur Grænni byggðar bæði í eigin leiguhúsnæði að Laugavegi 176 og hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun í Borgartúni 21. Í apríl 2023 skiluðu samtökin leiguhúsnæðinu af sér og færðu sig alfarið yfir í Borgartúnið. Þar hafa samtökin 4 starfsstöðvar og fundaraðstöðu.

Heimasíða og samfélagsmiðlar

Grænni byggð er með um 2300 fylgjendur á Facebook og leitast við að vera virkt í að dreifa faglegu efni á miðlinum, ásamt viðburðum á vegum Grænni byggðar og aðildarfélaga þess. Félagið deilir einnig efni á LinkedIn.

Á heimasíðu Grænni byggðar er mikið af útgefnu fræðsluefni undir Útgefið efni og Fræðsla og miðlun. Þar má finna ýmislegt fræðsluefni t.d. um vottunarkerfi og hringrásarhagkerfið, ásamt upplýsingum um viðburði. Á heimasíðu félagsins má einnig finna allt um almennan rekstur félagsins, svo sem ársreikninga, ársskýrslur og fundargerðir stjórnar.

Tekjur og styrkt verkefni

Sjá nánar um fjármál félagsins árið 2023 í ársreikningi félagsins.

Aðildagjöldin námu tæplega 13 milljónum á árinu og greiddust um 55 milljónir fyrir rannsóknarverkefni.

Grænni byggð sótti um styrk til eflingar hringrásarhagkerfisins til Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins árið 2022 og greiddist meirihluti styrksins árið 2023. Styrkurinn var fyrir eigin framlagi Grænni byggðar í verkefninu *CIRCON*, sem annars er styrkt af EEA & Norway grants og ríkissjóði Póllands.

Grænni byggð vann tvö verkefni sem voru styrkt af Aski – mannvirkjarannsóknarsjóði. Eitt verkefnið ber heitið *Kolefnishlutlaus bygging í íslensku samhengi* og er í samstarfi við Háskóla Íslands og EFLU. Annað verkefnið er framhaldsverkefnið *Orkunotkun bygginga: Hönnuð nýtni og raunmælingar*, sem sótt var um með EFLU, Háskóla Íslands og Háskóla Reykjavíkur, þar sem Reitir, Reginn, og Veitur eru samstarfsaðilar.

Á árinu tók Grænni byggð þátt í tveimur stórum Norrænum verkefnum sem styrkt eru af Norrænu ráðherranefndinni í gegnum Nordic Innovation. Annað verkefnið heitir *Nordic Sustainable Construction*, og er Innviðaráðuneytið ábyrgt fyrir verkpakka 4 sem snýr að losunarlausum verkstöðum. Grænni byggð er með þrjú starfsmenn sem vinna að þessum verkpakka með Innviðaráðuneytinu, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, og Háskóla Íslands. Hitt verkefnið, *Nordic Networks for Circular Construction*, hófst í lok árs 2022 og kláraðist í lok árs 2023. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun bar ábyrgð á verkpakka 6. Tveir starfsmenn Grænni byggðar unnu að þessu verkefni ásamt Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og Háskóla Íslands.

Árið 2023 kláruðust einnig önnur styrkt verkefni; BREEAM – Greining á ávinningi og kostnaði umhverfisvottana, HringRás, og Orkunotkun – hönnuð og mæld. Nánari upplýsingar um þau verkefni er að finna á heimasíðu okkar.

Árið 2023 sendum við inn nokkrar umsóknir um styrki í hina ýmsu sjóði. Sótt var um verkefni *Climate accelerator*, sem er hluti af *Nordic Sustainable Construction* og *Small accelerator* sem er hluti af *Nordic Networks for Circular Construction*, með systurfélögum okkar á Norðurlöndum. Við tókum þátt í umsókninni um verkefnið DRASTIC, með Europe Regional Network,

evrópuvængur World Green Building Council. Við sóttum um samstarfsverkefni Íslands, Danmerkur og Grænlands til norrænu ráðherranefndarinnar í kall sem hét *Sustainable use of existing buildings and preserving heritage Cultural heritage*. Við sóttum um tvö verkefni í Ask – mannvirkjarannsóknasjóð, annars vegar með Verkís fyrir aðgerðir 4.10. og 4.9. í Vegvisinum – leiðbeiningar um endurnýtingu byggingarefna og ábyrgt niðurrif, og hins vegar um aðgerð 5.1.7. – kolefnishlutlaus bygging við íslenskar aðstæður.

Einnig var unnið að tveimur umsóknum með umsóknarfrest í byrjun árs 2024. Annars vegar var það umsókn í Orkurannsóknarsjóð Landsvirkjunar með verkefnið *Er óþarfi að spara orku í byggingum?* Með Háskola Íslands og Háskólanum í Reykjavík. Hins vegar var unnið í umsókninni *Bauhaus Goes North*, í sjóðinn *Interreg Northern Periphery and Arctic* sem er styrktur af Evrópusambandinu. Um er að ræða samstarfsverkefni margra landa í Norður Evrópu.

Viðburðir

Grænni byggð hélt fjölda viðburða árið 2023. Á heimasíðu Grænni byggðar má finna nánari dagskrá viðburðanna og upptökur og/eða glærur frá mörgum af viðburðum ársins undir www.graennibyggd.is/vidburdir-2023.

Stefnumót Hringrásar

Vinnustofan Hringborð Hringrásar um innleiðingu hringrásar í byggingariðnaði fór fram í Grósku þann 19. Janúar þar sem hagaðilar í geiranum áttu innihaldsríkt samtal um aðkallandi verkefni og brýna þörf á að hraða breytingum. Opinn fundur um sama málefni fór fram síðar um daginn í Grósku þar sem gestir fengu innsýn inn þetta mikilvæga samtal ásamt því að líflegar panelumræður fóru fram. Vinnustofan og opni fundurinn var skipulagður af Miðstöð hönnunar og arkitektúrs, Arkitektafélagi Íslands, Eflu og Grænni byggð, í samstarfi við Samtök iðnaðarins, Reykjavíkurborg og FSRE.

Útgafuviðburður WP4

Net-viðburður var haldinn 16. Mars til að kynna útgáfu skýrslunnar *Losunarlausir verkstaðir, skilgreiningar, mörk og staðan á norðurlöndunum*. Skýrslan var gefin út sem hluti af verkpakka 4 í Nordic Sustainable Construction, sem Grænni byggð vinnur að með Innviðaráðuneytinu og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun. Þá var einnig sagt frá samstarfsneti verkefnisins og sýnt frá heimsókn á verkstaðinn The Green Construction Site of the Future. Kynnir viðburðarins var Hólmfríður Bjarnadóttir og sérfræðingar frá Volvo CE og SiteHub kynntu hugmyndir sinna fyrirtækja.

Aðalfundur Grænni byggðar

Aðalfundur Grænna byggðar fór fram 25. Apríl í fyrirlestrasal Verkís. Auk hefðbundinna aðalfundarstarfa fengum við til okkar hana Piu Öhrling frá piacon ab í Svíþjóð til að vera með klukkutíma fyrirlestur um vottunarkerfi og Arnhildi Pálmadóttir sem var með hugvekjum um vistvæna mannvirkjagerð.

Grænt stökk í mannvirkjagerð

Þann 27. apríl var haldinn fundur á vegum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar í samstarfi við Samtök iðnaðarins og Grænni byggð, um umskipti yfir í sjálfbæran byggingariðnað með hringrásarhagkerfið að leiðarljósi. Grænni byggð nýjar áskoranir og breytingar á hlutverkum hagsmunaaðila þegar skipt er yfir í hringrásarhagkerfi í byggingariðnaði, sem er hluti af niðurstöðum CIRCON verkefnisins. Einnig voru önnur yfirstandandi og nýlokin verkefni rædd, með áherslu á þau sem tengjast Vegvísi að vistvænni mannvirkjagerð 2030.

NNCC vinnustofa í World Circular Economy Forum 2023

Þann 1. maí héldum við vinnustofu í samstarfi við Demos Helsinki og Grænni byggð Finnlands. Hægt var annað hvort að taka þátt í gegnum fjarfundarbúnað eða mæta á staðinn í Helsinki. Vinnustofan var hluti af World Circular Economy Forum. Umræðuefni vinnustofunnar var hindranir og lausnir við innleiðingu hringrásarhagkerfisins í byggingariðnað.

35.000 íbúðir á 10 árum: Hvernig er best að gera þetta?

Á HönnunarMars 2023 í byrjun maí hélt Arkitektafélag Íslands, í samstarfi við Grænni byggð og Húsnæðis og mannvirkjastofnun (HMS), málstofu í Grósku þar sem gæði, umhverfið og samfélag var sett í fyrsta sæti. Málstofan spratt út frá nýrri húsnæðisáætlun, þar sem ríki og sveitafélög ætla að tryggja byggingu 35.000 nýrra íbúða á landinu á næstu 10 árum.

Málstofan byrjaði á erindum frá arkitektum og rithöfundum, sem gaf innblástur inn í pallborðsumræður. Fundarstjórn var í höndum Brynju Þorgeirsdóttur.

Hreyfiafl vistvænnar þróunar í mannvirkjagerð

Þann 22. ágúst var haldinn stöðufundur á vegum Byggjum grænni framtíð, þar sem farið var yfir stöðuna á Vegvísinum og helstu aðgerðir sem hafa verið framkvæmdar, en einnig var rætt um næstu skref og framkvæmd endurmats 2024. Innviðaráðherra og umhverfisráðherra ávörpuðu fundinn, og það voru þrjár pallborðsumræður; *Byggjum með vistvænni byggingarefnum*, *Byggjum upp vistvænni þekkingu*, og *Hreyfiafl til framtíðar*. Hulda Hallgrímsdóttir var fundarstjóri.

CIRCON ráðstefna. Hringrás í byggingariðnaði: erum við tilbúin í stökkið?

Grænni byggð hélt ráðstefnu um hringrásarhagkerfið í Laugardalshöll þann 1. September. Ráðstefnan var hluti af Iðnaðarsýningunni og unnum við í samstarfi við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun að því að sameina ráðstefnuna við sýningu þeirra þar sem styrkþegar úr Aski - Rannsóknasjóði mannvirkja voru í forgrunni. Á ráðstefnunni var hagnýtri reynslu miðlað um hringrásarhagkerfi í byggingariðnaði og helstu hindranir ræddar í pallborðum.

Vinnustofa um hringrásahagkerfi í landslagsarkitektúr

Þann 5. September var haldin vinnustofa í húsakynnum Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri á vegum FÍLA, Félag íslenskra landslagsarkitekta, Landbúnaðarháskóla Íslands og Grænni byggðar. Jakob Sandell Sorensen, sem leiðir sjálfbærni hjá Schonherr, var með fyrirlestur um hvernig ætti að huga að hringrásarhagkerfinu í landslagsarkitektúr.

Samnorrænn viðburður: Nordic Circular Construction og New Nordic

Bauhaus

Þann 13. september héldum við málstofu í samstarfi við Demos Helsinki, Grænni byggð Finnlands, og URBAN AGENDA. Hægt var annað hvort að taka þátt í gegnum fjarfundarbúnað eða mæta á staðinn í Helsinki. Efni fundarins var kolefnishlutleysi og hringrásarhagkerfi í framkvæmdum.

Vistvænir innviðir

Þann 13. september héldum við hjá Grænni byggð ásamt systurfélögum okkar í Svíþjóð, Finnlandi og Noregi málþing um vistvæna innviði. Farið var yfir stöðu sjálfbærni í innviðum í hverju landi fyrir sig og síðan fengum við erindi um framúrskarandi dæmi, frá Helsinkiborg, Landsvirkjun, og Skanska.

Dagur Grænni byggðar

Dagur Grænni byggðar var haldinn í Grósku þetta árið 27. september. Viðburðurinn hófst með 11 áhugaverðum erindum sem fagfólk í sjálfbærni í byggingargeiranum flutti. Að loknum kynningum var Græna Skóflan afhent af Írisi Þórarinsdóttur. Verðlaunin hlaut Framkvæmdasýslan - Ríkiseignir og samstarfsaðilar fyrir hjúkrunarheimilið Móberg á Selfossi. Á viðburðinum vorum

við einnig með sýningar á sjálfbærum byggingarlausnum frá Neuza Valadas, Stúdíó Flétta, Stúdíó Lúdika, og PAGO.

Fundur á Nordic Circular Summit – Framtíð hringrásarhagkerfisins í byggingariðnaði: könnun á nýsköpunarþörf

Saman könnuðum við þörfina fyrir nýsköpun í byggingariðnaðinum, með áherslu á hvernig hagaðilar geta stuðlað að hringrásarhagkerfi í starfi sínu og hlutverk Norrænu ráðherranefndarinnar í að efla hringrásarsmíði á viðburðinum okkar þann 18. október, sem var hluti af Nordic Circular Summit viðburðinum.

Orkunýting bygginga á Íslandi – erum við reiðubúin að bæta við 35.000 íbúðum á næstu 6 árum?

Þann 31. Október höldum við fund í samstarfi við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og Orkuklasann um orkunýtingu bygginga. Ásamt pallborðsumræðum flutti nokkrir aðilar okkar 6 áhugaverð erindi. Fundarstjóri var Rósbjörg Jónsdóttir hjá Orkuklasanum.

Vistvænt skipulag byggðar

Grænni byggð og Skipulagsstofnun stóðu fyrir morgunfundi um vistvænt skipulag byggðar. Fundurinn var haldinn í húsakynnum Skipulagsstofnunar, og við fengum erindi frá Háskóla Íslands, Alta ráðgjöf, Reitum og Garðabæ. Fundarstjóri var Ólafur Árnason, forstjóri Skipulagsstofnunar.

Stofnfundur Hringvangs

Stofnfundur Hringvangs var haldinn þann 13. desember í Gullteigi á Grand Hótel. Viðburðurinn hófst með kynningu á markmiðum Hringvangs, umfangi og fjárhagsáætlun. Í kjölfarið hlustuðum við á fjögur hvetjandi erindi um metnaðarfull íslensk hringrásarverkefni, undir fundarstjórn Höllu Helgadóttur, framkvæmdastjóra Miðstöðvar hönnunar og arkitektúrs.

Fjölmiðlar

Framkvæmdastjóri var viðmælandi í hlaðvarpsþætti hjá Guðmundi Steingrímssyni 28. nóvember fyrir RÚV. Þættirnir heita JÆJA og fjalla um mismunandi hugtök í umhverfisfræði, og var framkvæmdastjóri í þætti um hringrásarhagkerfið.

Vísir birti Skoðunina *Ekki eftir neinu að bíða* eftir framkvæmdastjóra og aðra verkefnastjóra verkefnisins Hringborð hringrásar. Greinin tók saman helstu niðurstöður úr þessi verkefni, sem var styrkt af Aski. – mannvirkjarannsóknasjóði.

Vísir birti Skoðun eftir verkefnastjóra sem bar heitið *Átak í húsnæðismálum og loftslagsmálum*.

Vísir birti Skoðun eftir Ragnar Ómarsson, stjórnarmann Grænni byggðar, um *fótspor mannvirkja*.

Þátttaka í viðburðum og erlent samstarf

Framkvæmdastjóri tók þátt í hinum ýmsu fundum á vegum WGBC og Europe Regional Network, aðallega í gegnum þáttöku í fundum Policy Taskforce og Project Taskforce. Grænni byggð var með í styrktarumsókninni DRASTIC á vegum ERN Project Taskforce.

Samstarf við Norrænu Green Building Councils hélt áfram, og héldum við eina rafræna málstofur saman um vistvæna innviði. Einnig sóttum við um tvo styrki saman, fyrir verkefnið *Climate accelerator*, sem er hluti af *Nordic Sustainable Construction*, og *Small accelerator*, sem er hluti af *Nordic Networks for Circular Construction*.

Félagið var í nánú samstarfi við systurfélag okkar í Póllandi, Polish Green Building Council (PLGBC) og Sílesíska tækniháskólann við framkvæmd verkefnisins *CIRCON*. Starfsmenn þeirra komu til landsins í september á *CIRCON* ráðstefnuna, en framkvæmdastjóri og verkefnastjóri fóru til Póllands í maí, þar sem þau funduðu saman og fóru í vettvangsferð. Verkefnastjóri var svo með

kynningu í gegnum fjarfundarbúnað á CIRCON ráðstefnunni á vegum PLGBC í október.

Breið Norræn samvinna styrktist í gegnum verkefni *Nordic Sustainable Construction* og *Nordic Networks for Circular Construction*, þar sem félagið vann einnig í nánu samstarfi við Innviðaráðuneytið og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.

Verkefnastjóri fór til Malmö og til Helsinki á verkefnafundi *Nordic Sustainable Construction*, og kynnti umfang vinnupakka 4 sem snýr að losunarlausum verkstöðum. Einnig fór annar verkefnastjóri til Helsinki á vegum verkefnisins *Nordic Networks for Circular Construction* til að halda vinnustofu og halda kynningu um hringrásarhagkerfið á Íslandi á viðburðinum *Nordic Climate Forum for Construction*.

Verkefnastjóri heimsótti verkstaðinn *The Green Construction Site of the Future* í Árósum ásamt fulltrúa innviðaráðuneytisins. Út frá þeirri heimsókn var unnin vídeó kynning.

Framkvæmdastjóri var með erindi á málþinginu *Loftslagsbreytingar: Orsök og afleiðingar – hvað er hægt að gera?* Sem haldið var í Veröld húsnæðis- og húsnæðisráðs á vegum Háskóla Íslands í tilefni útgáfu bókar eftir Prófessor Emerítus Júlíus Sólnes.

Verkefnastjóri var með fyrirlestur um losunarlausu verkstaði á Örkynningum Orkusjóðs og Grænu orkunnar í október og á Degi Verkfræðinnar í nóvember.

Námskeið og fyrirlestrar

Verkefnastjóri Grænni byggðar var með námskeið í samstarfi við Iðuna fræðslusetur um Hringrásarhagkerfið í byggingariðnaði. Einnig hélt Grænni byggð þriggja eininga (ECTS) námskeið hjá Umhverfis- og byggingaverkfræðideild Háskóla Íslands um sama málefni. Verkefnastjóri fór í heimsókn til nokkurra aðildarfélaga og hélt 1.5 tíma fyrirlestur um hringrásarhagkerfið í byggingariðnaði. Félagið var með gestakennslu í

námskeiðinu *Hugtök og kenningar IV* hjá Listaháskola Íslands, og í namskeiðinu *Climate.now* í Aalto haskólanum í Finnlandi. Félagið kynnti starfsemi sína fyrir hópi af Finnskum fasteignasérfræðingum á vegum þjálfunarfyrrirtækisins Kiinko. Félagið bauð hópi kvenna í FKA í heimsókn og kynnti starfsemi sína, ásamt verkefnastjóra Byggjum grænni framtíð frá HMS.

Útgefið efni

- Grænni byggð gaf út níu Fréttabréf á árinu, í mars, maí, júní, júlí, ágúst, september, október, nóvember og í desember. Þar að auki voru tvö fréttabréf send á vegum verkefnisins Losunarlausir verkstaðir.
- Upptökur frá viðburðum og/eða glærur voru settar inn á heimasíðu Grænni byggðar.
- Grænni byggð gaf út skýrsluna *Áhrif byggingarefna og orkunýtingar á kolefnisspor bygginga - Samanburður á kolefnisspori byggingarefna og orkunotkunar í BREEAM vottaðri og óvottaðri byggingu*. Skýrslan var unnin í samstarfi við Eflu og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, með styrk frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, og eru hluti af aðgerð 5.2.1 í Vegvísi að vistvænni mannvirkjagerð 2030: Greina ávinning og kostnað umhverfisvottana. Skýrslan er aðgengileg á heimasíðu Grænni byggðar undir Útgefið efni.
- Grænni byggð gaf út skýrsluna *Reynsla hagaðila að vistvottunarkerfum - Viðtöl við byggingariðnaðinn*. Skýrslan var unnar í samstarfi við Háskola Íslands og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, með styrk frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, og eru hluti af aðgerð 5.2.1 í Vegvísi að vistvænni mannvirkjagerð 2030: Greina ávinning og kostnað umhverfisvottana. Skýrslan er aðgengileg á heimasíðu Grænni byggðar undir Útgefið efni.
- Skýrslan *Emission-free Construction Sites: Definitions, boundaries, and terminology – Current status in the Nordic Countries* var gefin út í verkefniinu Nordic Sustainable Construction, í vinnupakka 4 sem Grænni byggð vinnur að með Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og Innviðaráðuneytinu. Einnig var unninn bæklingur úr sama efni og gefinn út. Útgáfan kynnir nýjustu þróun og stöðu mála í losunarlausum byggingaframkvæmdum, og tekur á forsögunni, skilgreiningum, tækni og aðferðum. Skýrslan er aðgengileg á heimasíðu Grænni byggðar undir Útgefið efni.

- Grænni byggð gaf út myndband fyrir vinnupakka 4 í Nordic Sustainable Construction. Myndbandið var birt á samfelagsmiðlum Grænni byggðar og Nordic Sustainable Construction.
- Í lok árs 2023 gáfum við út *Leiðbeiningar um hringrás í byggingariðnaði*, og birtum á sérstakri heimasíðu sem við stofnuðum fyrir CIRCON verkefnið, <https://circon.graennibyggd.is/>

Græn stefnumótun

Grænni byggð tók þátt í grænni stefnumótun í gegnum Byggjum Grænni Framtíð, sem er samstarfsverkefni stjórnvalda og hagaðila byggingariðnaðarins um vistvænni mannvirkjagerð. Verkefnið á meðal annars rætur sínar að rekja til aðgerðar C.3 í [aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum](#).

Vinna í verkefninu Byggjum grænni framtíð hófst haustið 2020 og var fyrstu fundur hópstjóra haldinn 4. september 2020. Verkefnisstjóri verkefnisins er Þóra Margrét Þorgeirsdóttir hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun. Framkvæmdarstjóri og stjórnarformaður Grænni byggðar eru í verkefnistjórn og ritstjórn verkefnisins, en einnig tók stjórnarmeðlimur þátt í starfshóp sem mat losun byggingariðnaðarins á Íslandi. Grænni byggð hefur því tekið virkan þátt í verkefninu frá upphafi þess. Vegvísirinn var gefinn út í þremur hlutum 2022; *I hluti - Losun, II hluti - Markmið og aðgerðir, og III hluti - Samantekt: Losun, markmið og aðgerðir.*

Heimasíða verkefnisins er:
www.byggjumgraenniframtid.is



**Byggjum
grænni framtíð**